

Almennt

1.1. Hugtök.

Í leiðbeiningunum merkir:

Mæliblað: Eyðublað fyrir hverja einstaka nýtingarmælingu.

Yfirlitsblað: Eyðublað fyrir allar nýtingarmælingar fyrir hverja einstaka afurð.

Samantektarblað: Eyðublað þar sem fram kemur áætlun um magn afurða og meðaltalsnýting í hverri afurð ásamt löndunarstað og löndunartíma.

Nýtingarprufa: Askja/öskjur sem hefur að geyma afurðir fiska sem notaðir voru til nýtingarmælingar.

Númer mælingar: Númer sem tiltekin nýtingarprufa hefur (númerið skal vera á öllum gögnum varðandi viðkomandi nýtingarmælingu, notað til að tengja meg saman nýtingarprufu, mæliblað og yfirlitsblað).

Slægður*: Þær afurðir, sem gert er ráð fyrir að séu slægðar í Auglýsingu um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð sem gefin er út af sjávarútvegsráðuneytinu.

Óslægður*: Þær afurðir, sem gert er ráð fyrir að séu óslægðar í Auglýsingu um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð sem gefin er út af sjávarútvegsráðuneytinu

1.2. Fjöldi mælinga.

Fari 5 til 15 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 3 nýtingarmælingar á þeirri afurð. Fari aflinn yfir 15 tonn skulu **nýtingarmælingarnar** vera a.m.k. 6. Miðað er við **slægðan*** eða **óslægðan*** afla upp úr sjó. (Athuga ber að um er að ræða raunverulega vigt í hverja vinnsluaðferð sem vegna yfirvigtar ákvarðast ekki fyrr en eftir löndun).

Ef minna en 5 lestir af ákveðinni fisktegund í veiðiferð eru nýttar til framleiðslu á ákveðinni afurð er útreikningur á lönduðum afla grundvallaður á auglýsingu um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð sem gefin er út af sjávarútvegsráðuneytinu. Heimilt er að leggja nýtingarmælingar til grundvallar við útreikning á lönduðum afla hafi a.m.k. verið gerðar þrjár nýtingarmælingar í viðkomandi afurð.

Taka skal tvær **nýtingarprufur** á sólarhring að lágmarki. Ef afli er mjög blandaður skulu vinnslustjórar taka fleiri mælingar, til að ná mælingum á öllum tilskildum vinnsluaðferðum. **Nýtingarmælingar** á að framkvæma á meðan vinnsla er í fullum gangi.

1.3. Úrtak.

Taka skal 10 fiska í hverja mælingu, nema í mælingum á *tegundum sem úthlutað er óslægt**, þá skal taka 20 fiska. Þessir fiskar skulu teknir úr þeim afla sem verið er að vinna. Ef fiskur er grófflokkaður fyrir vinnslu skal eftir atvikum tekinn smáfiskur, millifiskur eða stórfiskur í hverja nýtingarprufu. Reynt skal að mæla sitt á hvað stórfisk, millifisk og smáfisk. Þetta er að sjálfsgöðu háð stærðardreifingu aflans.

1.4. Mæliblað.

Nýtingarmælingar eru skráðar á **mæliblað**, eitt blað fyrir hverja mælingu og er reiknað út úr hverri mælingu á því blaði. Efst á blaðinu er skráð nafn skips, einkenni vaktar og **númer mælingar** á hvorri vakt frá upphafi veiðiferðar. Einkenni vaktar skal vera D fyrir dag/næturvakt og K fyrir kvöld/morgunvakt t.d. D14, þ.e. 14. mæling dag/næturvaktar. Ef ekki eru vaktir á viðkomandi skipi, skal raðnúmera mælingarnar.

Vinstra megin á blaðinu efst eru skráðar ýmsar upplýsingar um mælinguna. Þetta eru allt atriði sem geta haft áhrif á nýtinguna og er því sjálfsgagt að skrá þau til að átta sig betur á því hvað skiptir máli.

Hægra megin eru skráðar upplýsingar um fisktegundina og pakkninguna. Pakkningarnúmerið segir til um í hvaða stærðarflokka nýtingarprufa fór. Fari nýtingarprufan í fleiri en einn

stærðarflokk skal pakka henni í sama kassa (öskjur í nýtingarkassa geta verið af mismunandi stærðarflokkum).

Mæliblaðið sjálft er þrískipt.

Efsti hlutinn, sem merktur er 1) er ætlaður fyrir flakavinnslu í **slægðum*** fiski, t.d. þorsk, ufsa, löngu, keilu o.s.frv.

Neðri hlutinn til vinstri, sem merktur er 2) er fyrir flakaðan, haus- og/eða sporðskorinn fisk, **óslægðan*** t.d. gullkarfa, djúpkarfa, síld o.s.frv.

Neðri hlutinn til hægri, sem merktur er 3) er fyrir hausskornar og/eða sporðskornar tegundir, **slægðar***, t.d. ýsu, grálúðu, steinbít o.s.frv.

Það skal þó tekið fram að einungis, má skrá eina mælingu á hvert mæliblað. Þannig á t.d. einungis að skrá fisk sem auglýstur er **óslægður*** t.d. karfa- eða síld í dálk sem merktur er 2) í vinstra horninu neðst, (sjá meðfylgjandi sýnishorn af mæliblöðum). Vigtanir eru skráðar á línurnar sem merktar eru „vigtun“ 1 og 2. Línurnar eru fleiri en ein ef skipta þarf fiskinum upp í fleiri bakka. Línan sem merkt er „bakkar“, er notuð til að draga þyngd bakkans eða bakkanna frá ef vigt er ekki töruð miðað við bakka. T.d. ef vigt á snyrtiborði er notuð.

Fyrir flakaðan eða haus- og/eða sporðskorinn fisk, t.d. karfa, síld og annan fisk sem auglýstur er **óslægður***, þarf að skrá a.m.k. 2 vigtanir.

Fyrir flakaðan bolfisk, steinbít og annan fisk sem auglýstur er **slægður***, þarf að skrá niðurstöður úr 6 vigtunum ef flökin eru roðflett, en 5 ef flökin eru með roði.

Nánari leiðbeiningar um framkvæmd einstakra mælinga og útreikninga koma hér á eftir. Ekkert er því til fyrirstöðu að útreikningar úr hverri mælingu séu unnir í tölvu ef almennar upplýsingar og vigtanir eru skráðar á mæliblöðin um leið og vigtað er og mæliblöðunum haldið til haga.

Munið að raðnúmera allar **nýtingarprufur**, **mæliblöð** og **yfirlitsblöð** þannig að tengja meg þau saman.

Nálgast má **mæliblað** á netinu undir **<http://www.fiskistofa.is>**

1.5.

Yfirlitsblað.

Yfirlitsblöðin eru úrvinnslublöð til afnota um borð í skipunum. Nota skal a.m.k. eitt slíkt blað fyrir hverja vinnslu-aðferð í hverri veiðiferð. Hver lína á **yfirlitsblaðinu** samsvarar einu **mæliblaði**.

Í fyrsta dálkinn koma auðkenni þeirrar vaktar, sem framkvæmdi mælinguna og númer þ.e. raðnúmer til tengingar við **mæliblað** og **nýtingarprufu**.

Í annan dálkinn kemur dagsetning. Síðan eru prósentutölur fyrir hvert stig vinnslunnar skráðar út línuna. Nýting í afurð kemur síðast.

Þegar allar mælingar í viðkomandi afurð úr veiðiferðinni eru komnar er meðaltalið fundið fyrir hvern dálk. Meðalvinnslunýtingin kemur fram í dálkinum merkt „afurð“. Sú tala með **einum aukastaf** er síðan skráð í rammann neðst hægra megin. Þar er þá komin

niðurstaða mælinganna (nýtingarstuðullinn) fyrir viðkomandi vinnslu-aðferð í veiðiferðinni. Sá nýtingarstuðull er síðan notaður til að reikna afla skipsins til aflamarks í viðkomandi afurð ef réttum fjölda mælinga er náð í afurðinni (ath. þó kafla 4. um opinbert eftirlit).

Það á að vera mjög auðvelt að fylgjast með öllum breytingum á vinnslunni með því að skrá jafnóðum inn á **yfirlitsblöðin** og bera saman við fyrri mælingar. Einnig er ekkert í vegi fyrir því að skrá **yfirlitsblaðið** í tölvu og prenta blaðið út. Þá er einnig auðvelt að prenta út ýmiss konar línurit úr mælingunum.

*Öllum nýtingarmælingum í veiðiferðinni skal skila til Fiskistofu á **yfirlitsblöðum**.*

Nálgast má **yfirlitsblað** á netinu undir **<http://www.fiskistofa.is>**

1.6.

Samantektarblað.

Á samantektarblaðinu skal koma fram nafn skips, umdæmisnúmer og skipaskrárnúmer. Einnig hvenær veiðum er hætt, löndunarhöfn, löndun hefst, söluvigt afurða, meðalnýting samkvæmt **yfirlitsblaði** í veiðiferðinni ef tilskildu magni og/eða fjölda mælinga er náð. Ennfremur **slægður*** afli ef fisktegundin er auglýst **slægð*** og **óslægður*** ef fisktegundin er auglýst **óslægð***, t.d. karfi og síld, símanúmer skips og útgerðar, tímabil veiðiferðar, vinnsludagar, undirskrift skipstjóra og dagsetning.

Nálgast má **samantektarblað** á netinu undir **<http://www.fiskistofa.is>**

1.7.

Frágangur á nýtingarprufum.

Auðkenna skal þann fisk sem hefur verið notaður í **nýtingarprufur**, þ.e. merkja öskjur og kassa. Umbúðir sem nýtingarprufa er í og eyðublöð skulu merkt með hlaupandi númeri, þannig að tengja megi með auðveldum hætti **mæliblað**, **yfirlitsblað** og **nýtingarprufu**.

Komist **nýtingarprufa** ekki í eina öskju skulu flökin sem afgangs eru fara í öskju í sama kassa og merkjast eins. Kassar sem hafa að geyma **nýtingarprufu** skulu merktir með **númeri mælingar** á báðum hliðum. Fari meira en **nýtingarprufa** í öskju, skal aðgreina **nýtingarprufu** með sérstöku,

auðkennanlegu millileggi. Alla kassa sem innihalda merktar öskjur skal auðkenna með **númeri mælingar**. Þessar merkingar á **nýtingarprufum** eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að bera **nýtingarprufur** saman við **mæliblað**, **yfirlitsblað** og sýni úr vinnslu.

Réttar merkingar eru forsenda þess að veiðieftirlit Fiskistofu geti borið saman sýni úr afla og mælingar sem framkvæmdar hafa verið um borð í veiðiskipi. Hafi **nýtingarprufur** verið merktar réttilega þarf að öðru jöfnu engar áhyggjur að hafa af **nýtingarprufunum** eftir að búið er að merkja þær og koma þeim á aðskilin stað, frá öðrum afla í lest skipsins.

Framkvæmd einstakra mælinga.

2.1.

Mælingar flakavinnslu.

Fyrir þessar mælingar er efri hluti mæliblaðsins notaður, þ.e. sá hluti sem merktur er 1) og á það við um allar flakaðar fisktegundir sem úthlutað er **ó-slægt***. Almennar upplýsingar skulu færðar efst á mæliblaðið. Sérstaklega ber að athuga að merkja **númer mælingar**.

* Framkvæmd mælingar.

1. Skrásetning á almennum upplýsingum (**númer mælingar**).
2. 10 fiskar, skulu teknir úr þeim afla sem verið er að vinna.
3. Hausun.
4. Safna skal hausum og búkum. Telja hvort tveggja og gæta þess að um rétta hausa og búka sé að ræða.
5. Hreinsa innnyflaifar úr hausum og búkum. Hausarnir eiga að vera hreinsaðir eins og um handslæggingu hafi verið að ræða, þ.e. kútmagarnir skornir úr.
6. Vigta hausa og skrá þyngd þeirra í dálk B. „Hausar“.
7. Vigta búka og skrá þyngd þeirra í dálk C. „Búkar“.
8. Flökun.
9. Flök talin eftir flökun, vigtuð og þyngd þeirra skráð í dálk D. „Ósn. flök“.
10. Roðfletting, ef um hana er að ræða.
11. Flök talin eftir roðflettingu, vigtuð og þyngd þeirra skráð í dálk E. „Roðl. flök“.
12. Snyrting.
13. Flök talin eftir snyrtingu, vigtuð og þyngd þeirra skráð í dálk F. „Snyrt flök“.
14. Pökkun.
15. Askja/öskjur merktar með **númeri mælingar**.
16. Ytri kassi merktur með númeri mælingar eftir frystingu. Nýtingarprufan skal fara í einn kassa burtséð frá stærð flaka. Ef einn kassi nægir ekki undir profuna skal setja það sem af gengur í annan kassa og skulu þeir bundnir saman í eina einingu og merkjast eins. Aðgreina skal nýtingarprufuna frá öðrum flökum, með sérstöku auðkennanlegu milli-leggi.

* Úrvinnsla.

1. Leggja skal saman vigtanir 1 og 2, ef skipta hefur þurft mælingum í fleiri en einn bakka. Einnig skal draga þyngd bakka frá, ef vigt hefur ekki verið töruð. Síðan skal færa síðan niðurstöðurnar í neðri samtölulínu ef þörf er á.

2. Finna þyngd á slægðum fiski með haus. Leggja saman haus og búka og skrá niðurstöðurnar í aftasta dálk, þ.e. $G=B+C$.

3. Í neðstu línuna eru hlutföll af slægðum fiski reiknuð í prósentum. Prósentuhlutfallið fyrir haus fæst t.d. með $B/G \times 100$.

- Búkar = $(C/G) \times 100$
- Ósn. flök = $(D/G) \times 100$
- Roðl. flök = $(E/G) \times 100$
- Snyrt flök = $(F/G) \times 100$

4. Frákast og afurð.

Haus í % er búið að reikna út og því fært beint niður úr B. B/G .

Dálkur er mismunur á búk og ósnyrtum flökum í %, C-D.

Roð er mismunur á ósnyrtum flökum og roðlausum flökum í %, D-E.

Afskurður er mismunur á roðlausum flökum og afurð í %, E-F.

Vinnslunýting er prósentutala afurðar og er færð beint niður úr F. Samtala frákasts og afurða á að gefa 100%.

5. Afurðin í prósentum er vinnslunýtingin og er hún skráð í rammann neðst á blaðinu með **tveimur aukastöfum**.

6. Að lokum skal ávallt kvittað fyrir mælingu af þeim sem sáu um hana.



MÆLIBLAÐ

Skip: _____

Númer mælingar: **D 27**

Dagsetning: 27.01.03 kl. 02¹⁵	Fisktegund: ÞORSKUR
Veidistaður: L'ATRAGRUNN	Nr. pakkningar: 1042
Magn í hali: 4,5 T	Flokk: Beintlaust <input checked="" type="checkbox"/> Með beinum <input type="checkbox"/>
Aflsamsetning: BLANDAÐUR AFLI	Roðlaust <input checked="" type="checkbox"/> Með roði <input type="checkbox"/>
Hlutfélag í kórann:	Sporðkorið <input type="checkbox"/> Samflokk <input type="checkbox"/>
	Hauskorið <input type="checkbox"/> með klambu <input type="checkbox"/> án klambu <input type="checkbox"/>

1)

Flakvinnsla, slæður fiskur (10 fiskar)

	A	B	C	D	E	F	G+B+C
	Óslægt	Hausar	Bákar	Óm. flokk	Roði. flokk	Seyrt flokk	Slægt m. haus
Vigtan-1	25,94	8,38	15,22	11,59	10,57	9,29	23,60
Vigtan-2							
Samtals	25,94	8,38	15,22	11,59	10,57	9,29	23,60
- Bákar							
Samtals	25,94	8,38	15,22	11,59	10,57	9,29	23,60
Hlutfélag af sl. fiski		35,51%	64,49%	49,11%	44,79%	39,36%	100%

Frakant				Afurð		
Hausar	Dálkar	Roði	Afiskurður	Flokk	Samtals	
(B+G)	(C-D)	(D-E)	(E-F)	(FG)		
35,51%	15,38%	4,32%	5,43%	39,36%		100%

2)

Karfi, síld off., óslægt (20 fiskar)		
	A	B
	Óslægt	Afurð
Vigtan-1		
Vigtan-2		
Samtals		
- Bákar		
Samtals		
Hlutfélag		

Athugasemdir:

3)

Gráláða, steinbitur off., slæður fiskur (10 fiskar)				
A	B	C	D	E=B+C+D
Óslægt	Sporður	Hausar	Afurð	Slægt m. haus
				100%

VINNSLU-
NÝTING**39,36%**Kvittun: *Jón Jónsson*

2.2.

Gullkarfi, síld o.fl.

Mælingar á gullkarfa, síld o.fl. tegundum sem úthlutað er í **óslægðum*** fisk, skal skrá neðst á mæliblaðið vinstra megin, þ.e. sá hluti sem merktur er 2). Hvort sem um er að ræða flökun eða haus- og/eða sporðskurð.

* Framkvæmd mælingar.

1. Skrásetning á almennum upplýsingum efst á blaðið (númer mælingar).
2. 20 fiskar skulu teknir úr þeim afla sem verið er að vinna.
3. Óslægðir fiskar skulu vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk A „Óslægt“.

Ef um hauseða afurð er að ræða þá a).

4. a) Hausun.
5. a) Hreinsun og snyrting á bókum, ef þarf.
6. a) Búkar skulu taldir, vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk B, „Afurð“.

Ef um sporðskorna afurð er að ræða þá b).

7. b) Sporðskurður.
8. b) Hreinsun og snyrting á bókum, ef þarf.
9. b) Búkar skulu taldir, vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk B, „Afurð“.

Ef um haus- og sporðskorna afurð er að ræða þá c).

10. c) Hausun.
11. c) Sporðskurður.
12. c) Hreinsun og snyrting á bókum, ef þarf.
13. c) Búkar skulu taldir, vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk B, „Afurð“.

Ef um flökun er að ræða þá c).

14. c) Snyrting.
15. c) Flök skulu talin, vigtuð og þyngd þeirra skráð í dálkinn B, „Afurð“.
16. Pökkun.
17. Askja/öskjur skulu merktar með númeri mælingar.
18. Ytri kassi skal merktur með númeri mælingar eftir frystingu (fleiri en ein askja getur innihaldið nýtingarprufu). Aðgreina skal nýtingarprufuna frá öðrum flökum/bókum, með sérstöku auðkennanlegu millileggi.

• Úrvinnsla.

1. Leggja skal saman vigtanir 1 og 2, ef þarf.
2. Prósentuhlutfall búka/flaka = $\text{vinnslunýting} = (B/A) \times 100$ skráð í neðstu línuna í dálki B.
3. Sú tala skal skráð í rammann neðst hægra megin með tveimur aukastöfum.
4. Kvittað skal fyrir mælingu af þeim sem sá um hana.



MÆLIBLAÐ

Skip: _____ Númer mælingar: D 28

Dagsetning: <u>27.01.03</u> kl. <u>05⁰⁰</u>	Fisktegund: <u>GULLKARFI SK</u>
Veiðistaður: <u>L'ATRAGRUNN</u>	Nr. pakkningar: <u>4538</u>
Magn í hali: <u>J, P T</u>	Flokk: Beinlaust <input type="checkbox"/> Með beinum <input type="checkbox"/>
Aflsamsetning: <u>BLANDAÐUR AFLI</u>	Roðlaust <input type="checkbox"/> Með roði <input type="checkbox"/>
Hítastig í kösum:	Sporðikorið <input type="checkbox"/> Samflök <input type="checkbox"/>
	Hauskorið <input checked="" type="checkbox"/> með klumbu <input type="checkbox"/> án klumbu <input checked="" type="checkbox"/>

1)

	Flakavinnsla, slægðar fiskar (10 fiskar)						
	A	B	C	D	E	F	G=B+C
	Óslægt	Hausar	Békar	Ón. flök	Roðl. flök	Seyt flök	Slægt m. haus
Vigtun-1							
Vigtun-2							
Samtals							
- Bakkar							
Samtals							
Hlutfall af sl. fiski							100%

Fríkast				Afarð		Samtals
Hausar (B/G)	Dékkur (C-D)	Roð (D-E)	Afiskurðar (E-F)	Flokk (F/G)		
						100%

2)

	Karfi, síð off., óslægt (20 fiskar)	
	A	B
	Óslægt	Afarð
Vigtun-1	<u>9,32</u>	<u>5,20</u>
Vigtun-2		
Samtals	<u>9,32</u>	<u>5,20</u>
- Bakkar		
Samtals	<u>9,32</u>	<u>5,20</u>
Hlutfall		<u>55,79</u>

3)

	Gráða, steinbítur off., slægðar fiskar (10 fiskar)				
	A	B	C	D	E=B+C+D
	Óslægt	Sporðar	Hausar	Afarð	Slægt m. haus
Vigtun-1					
Vigtun-2					
Samtals					
- Bakkar					
Samtals					
Hlutfall					100%

Athugasemdir:

VINN-
SLU-
NÝTING

55,79%

Kvittun:



MÆLIBLAÐ

Skip:

Númer mælingar:

D 15

Dagsetning:	15.01.03 kl. 02 ³⁰	Flótagund:	DJÚPKARFI	
Veiðistaður:	HAMPIBJUTORG	Nr. pakkningar:	4009	
Magn í hali:	4,0 T	Flók:	Beinlaust <input type="checkbox"/>	Með beinum <input checked="" type="checkbox"/>
Aflsamsetning:	DJÚPKARFI		Roðlaust <input checked="" type="checkbox"/>	Með roði <input type="checkbox"/>
Hitastig í köran:		Sporðkníð <input type="checkbox"/>	Samflók <input type="checkbox"/>	
		Hauskorið <input type="checkbox"/>	með klambu <input type="checkbox"/>	án klambu <input type="checkbox"/>

1)

Flakavinnsla, slagðar fiskur (10 fiskar)

	A	B	C	D	E	F	G=B+C
	Óslægt	Hausar	Búkar	Óss. flók	Roði. flók	Seyrt flók	Slægt m. haus
Vigtun-1							
Vigtun-2							
Samtals							
- Bakkar							
Samtals							
Hlutfall af sl. fiski							100%

Frékast				Afarð		
Hausar	Djúkar	Roði	Afskarður	Flók	Samtals	
(B+G)	(C-D)	(D-E)	(E-F)	(F+G)		
						100%

2)

Karfi, síld ofl., óslægt (20 fiskar)

	A	B
	Óslægt	Afarð
Vigtun-1	20,69	5,42
Vigtun-2		
Samtals	20,69	5,42
- Bakkar		
Samtals	20,69	5,42
Hlutfall		26,20

Athugasemdir:

3)

Grillóð, steinbitar ofl., slagðar fiskur (10 fiskar)

A	B	C	D	E=B+C+D
Óslægt	Sporður	Hausar	Afarð	Slægt m. haus
				100%

VENNSLU-
NYTING

26,20%

Kvittun: Jón Jónsson



MÆLIBLAÐ

Skip: _____ Númer mælingar: D 29

Dagsetning: <u>02.02.03</u> kl. <u>13³⁵</u>	Fiskegönd: <u>SILD</u>
Veidistaður: <u>LITLADÝPI</u>	Nr. pakkningar: <u>421803</u>
Magn í hali: <u>150 T</u>	Flokk: Beinslaust <input type="checkbox"/> Með beinum <input type="checkbox"/>
Affasasetning: <u>SILD</u>	Roðnaust <input type="checkbox"/> Með roð <input type="checkbox"/>
Hítastig í körum:	Spoonkorið <input type="checkbox"/> Samflök <input checked="" type="checkbox"/>
	Hauskorið <input type="checkbox"/> með klamba <input type="checkbox"/> án klamba <input type="checkbox"/>

1) Flakavinnsla, slæðar fiskar (10 fiskar)

	A	B	C	D	E	F	G=B+C
	Óslægt	Hausar	Bólkar	Ósn. flök	Roðl. flök	Snyrt flök	Slægt m. haus
Vignun-1							
Vignun-2							
Samtals							
- Bakkar							
Samtals							
Hlutfall af sl. fiski							100%

Frakast				Afarð	
Hausar	Dálkar	Roð	Afskurður	Flokk	Samtals
(B/G)	(C-D)	(D-E)	(E-F)	(F/G)	
					100%

2) Karfi, síð ofl., óslægt (20 fiskar)

	A	B
	Óslægt	Afarð
Vignun-1	<u>5,23</u>	<u>2,54</u>
Vignun-2		
Samtals	<u>5,23</u>	<u>2,54</u>
- Bakkar		
Samtals	<u>5,23</u>	<u>2,54</u>
Hlutfall		<u>48,57</u>

Afhugasemdir:

3) Grálöðu, steinbítar ofl., slæðar fiskar (10 fiskar)

A	B	C	D	E=B+C+D
Óslægt	Spoður	Hausar	Afarð	Slægt m. haus
				100%

VINNSLU-
NÝTING48,57%Kvittun: Jón Jónsson



MÆLIBLAD

 Skip: _____ Númer mælingar: **K 29**

Dagsetning: 02.02.03 kl. 01:40	Fiskegund: JILD
Veiðistadar: LITLADÝPI	Nr. þakkingar: 420063
Magn í hali: 100 T	Flök: Beinlaus <input type="checkbox"/> Með beinum <input checked="" type="checkbox"/>
Aflsamsetning: JILD	Roðlaus <input checked="" type="checkbox"/> Með roð <input type="checkbox"/>
Hitstig í kórum:	Sporðkerið <input type="checkbox"/> Samflök <input type="checkbox"/>
	Hauskerið <input type="checkbox"/> með klumba <input type="checkbox"/> án klumba <input type="checkbox"/>

1)

	Flakavinnsla, slagður fiskur (10 fiskar)						
	A	B	C	D	E	F	G=B+C
	Óslægt	Hausar	Bákar	Ósn. flök	Roðl. flök	Seyrt flök	Slægt m. haus
Vignun-1							
Vignun-2							
Samtals							
- Bakkar							
Samtals							
Hlutfall af sl. fiski							100%

Frúkast				Afarð	Samtals
Hausar (B+G)	Dálkur (C+D)	Roð (D-E)	Afskurðar (E-F)	Flök (F+G)	
					100%

2)

	Kerfi, síld ofl., óslægt (20 fiskar)	
	A	B
	Óslægt	Afarð
Vignun-1	4,65	2,00
Vignun-2		
Samtals	4,65	2,0
- Bakkar		
Samtals	4,65	2,0
Hlutfall		43,01

Afhugasemdir:

3)

	Grillóða, steinbitur ofl., slagður fiskur (10 fiskar)				
	A	B	C	D	E=B+C+D
	Óslægt	Sporður	Hausar	Afarð	Slægt m. haus
					100%

VINNSLU-
NÝTING**43,01%**Kvittun: **JÓN JÓNSSON**

2.3.

Grálúða steinbítur o.fl.

Mælingar á grálúðu, haus- og sporðskorinni, steinbít hausskornum o.fl. tegundum sem auglýstar eru í **slægðum*** fiski og unnar eru á samsvarandi hátt eru skráðar neðst á mæliblaðið hægra megin, þ.e. sá hluti sem merktur er 3).

• Framkvæmd mælingar.

1. Skrásetning á almennum upplýsingum (númer mælingar).
2. 10 fiskar skulu teknir úr þeim afla sem verið er að vinna.
3. Heilir fiskar skulu vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk A, „Óslægt“.
4. Sporðskurður, ef um sporðskurð er að ræða.
5. Sporðar taldir, vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk B, „Sporðar“.
6. Hausun.
7. Safna skal bæði hausum og búkum. Telja hvort tveggja og gæta þess að um rétta hausa og búka sé að ræða.
8. Hreinsa skal innfylaleifar úr hausum og búkum.
9. Hausar skulu vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk C, „Hausar“.
10. Búkar skulu vigtaðir og þyngd þeirra skráð í dálk D, „Afurð“.

11. Pökkun.
12. Pokar skulu merktir með númeri mælingar.
13. Ytri kassar skulu merktir með númeri mælingar eftir frýstingu (fleiri en einn poki getur innihaldið nýtingarprufu). Aðgreina skal nýtingarprufuna frá öðrum búkum með sérstöku auðkennanlegu millileggi.

• Úrvinnsla.

1. Leggja skal saman vigtanir 1 og 2, ef þarf.
2. Finna skal þyngd á slægðum fiskum með því að leggja saman þyngd (sporða) ef við á, hausa og afurðar og skrá í dálk E, „Slægt m. haus“. Þ.e. $E=(B)+C+D$.
3. Prósentuhlutföll af slægðum fiski skulu reiknuð í neðstu línu.
 - (sporðar) = $(B/E) \times 100$
 - Hausar = $(C/E) \times 100$
 - Afurð = $(D/E) \times 100$
4. Vinnslunýting kemur fram í dálki D og er hún skráð í rammann neðst á blaðinu með tveimur aukastöfum.
5. Kvittað skal fyrir mælingu af þeim sem sá um hana.



MÆLIBLAÐ

Skip: _____

Númer mælingar: *K21*

Dagsetning: <i>19.01.03</i> kl. <i>9⁵⁰</i>	Fiskegönd: <i>GRÁLUBA SK</i>
Veiðistaður: <i>HAMPIÐJUTORG</i>	Nr. pakkningar: <i>6592</i>
Magn í hali: <i>3,0 T</i>	Flok: Beintast <input type="checkbox"/> Með beinum <input type="checkbox"/>
Aflsamsetning: <i>GRÁLUBA</i>	Roðlast <input type="checkbox"/> Með roði <input type="checkbox"/>
Hítastig í kílrum:	Sporðkorið <input checked="" type="checkbox"/> Samflok <input type="checkbox"/>
	Hauskorið <input checked="" type="checkbox"/> með klambu <input type="checkbox"/> án klambu <input checked="" type="checkbox"/>

1)

Flakavinnsla, slagðar fiskur (10 fiskar)

	A	B	C	D	E	F	G+B+C
	Óslægt	Hausar	Bakar	Ón. flok	Roð. flok	Seyrt flok	Slægt m. haus
Vignun-1							
Vignun-2							
Samtals							
- Bakar							
Samtals							
Hlutfall af sl. fiski							100%

Fråkast				Afarð	
Hausar (B+G)	Dákar (C-D)	Roð (D-E)	Afiskurðar (E-F)	Flok (F+G)	Samtals
					100%

2)

Karf, síld ofl., óslægt (20 fiskar)

	A	B
	Óslægt	Afarð
Vignun-1		
Vignun-2		
Samtals		
- Bakar		
Samtals		
Hlutfall		

Athugasemdir:

3)

Gráluba, steinbitur ofl., slagðar fiskur (10 fiskar)

A	B	C	D	E=B+C+D
Óslægt	Sporðar	Hausar	Afarð	Slægt m. haus
	<i>1,13</i>	<i>7,84</i>	<i>19,10</i>	
			<i>10,15</i>	
	<i>1,13</i>	<i>7,84</i>	<i>29,15</i>	
	<i>1,13</i>	<i>7,84</i>	<i>29,15</i>	<i>38,12</i>
	<i>2,96</i>	<i>20,57</i>	<i>76,47</i>	100%

VENNSLU-
NYTING**76,47%**Kvittun: *Jón Jónsson*



MÆLIBLAÐ

Skip: _____ Númer mælingar: K4

Dagsetning: <u>05.01.03</u> kl. <u>10⁰⁰</u>	Fisktegund: <u>STEINBÍTUR</u>
Veiðistaður: <u>LÁTRAGRUNN</u>	Nr. pakkningar: <u>5544</u>
Magn í hali: <u>5,6 T</u>	Flokk: Beinlaus <input type="checkbox"/> Með beinum <input type="checkbox"/>
Aflsamsetning: <u>BLANDAÐUR AFLI</u>	Roðlaus <input type="checkbox"/> Með roði <input type="checkbox"/>
Hitastig í kóran:	Sporðskorið <input type="checkbox"/> Sandflok <input type="checkbox"/>
	Hauskorið <input checked="" type="checkbox"/> með klambu <input type="checkbox"/> án klambu <input checked="" type="checkbox"/>

1)

Flakavinnsla, slagður fiskur (10 fiskar)							
	A	B	C	D	E	F	G=B+C
	Óslægt	Hausar	Bákar	Ósn. flokk	Roðn. flokk	Seyt flokk	Slægt m. haus
Vignun-1							
Vignun-2							
Samtals							
- Bakkar							
Samtals							
Hlutfall af sl. fiski							100%

Fríkast				Afarð	
Hausar (B-G)	Dillur (C-D)	Roð (D-E)	Afiskarður (E-F)	Flokk (F-G)	Samtals
					100%

2)

Karfi, síld off., óslægt (20 fiskar)		
	A	B
	Óslægt	Afarð
Vignun-1		
Vignun-2		
Samtals		
- Bakkar		
Samtals		
Hlutfall		

3)

Gellúða, steinbítur off., slagður fiskur (10 fiskar)				
A	B	C	D	E=B+C+D
Óslægt	Sporður	Hausar	Afarð	Slægt m. haus
<u>10,06</u>		<u>8,31</u>	<u>17,32</u>	
<u>18,10</u>				
		<u>8,31</u>	<u>17,32</u>	
<u>28,16</u>		<u>8,31</u>	<u>17,32</u>	<u>25,63</u>
		<u>32,42</u>	<u>67,58</u>	100%

Athugasemdir:

VINNSLU-
NÝTING**67,58%**Kvittun: Jón Jónsson



YFIRLITSBLAÐ

Skipstjóri skal tva skjött, sem verða má eftir að veitum lýkar og eigi síðar en 4 klst. eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrsla um nýtingarmælingar í viðkomandi veiðiferð ásamt upplýsingum um fyllda vinnsludaga í veiðiferðinni.

Skip: _____

Fisktegund:	ÞORSKUR		
Nr. pakkningar:	1040 - 1043		
Flök:	Beinlaust <input checked="" type="checkbox"/>	Með beinum <input type="checkbox"/>	
	Roðlaust <input checked="" type="checkbox"/>	Með roð <input type="checkbox"/>	
Spórðskorið <input type="checkbox"/>	Samflök <input type="checkbox"/>		
Hauskorið <input type="checkbox"/>	með klambu <input type="checkbox"/>	án klambu <input checked="" type="checkbox"/>	

Veiðiferð: Fri 03.01.03 til 03.02.03

Númer mælingar	Dagsetning	Hausar	Díllar sporðar	Roð	Styrting	Afarð	Athugasemdir
D-10	10.01	34,46	16,20	4,46	6,95	37,93	
D-13	13.01	36,47	15,91	2,99	6,17	38,46	
D-22	22.01	35,58	15,40	4,44	5,74	38,84	
K-24	23.01	31,91	16,65	4,03	6,98	40,43	
D-23	23.01	35,83	16,45	3,38	6,38	37,96	
K-25	24.01	36,91	14,80	4,47	5,72	38,10	
D-25	25.01	36,57	14,16	3,77	6,87	38,63	
D-27	27.01	35,51	15,38	4,32	5,43	39,36	
Samtals		283,24	124,95	31,86	50,24	309,71	
Meðaltal		35,41	15,62	3,98	6,28	38,71	100%

Athugasemdir:

VINNSLU-
NÝTING

38,7%

Kvittan: Jón Jónsson



YFIRLITSBLAÐ

Skipstjóri skal svo skjött, sem verða má eftir að veidum lýkur og eigi síðar en 4 klst. eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrsla um nýtingarmælingar í veidferð ásamt upplýsingum um fjölda vinnsludaga í veidferðinni.

Skip: _____

Fisktegund:	LFSI		
Nr. pakkningar:	3001 - 3004		
Flök:	Beinlaust <input type="checkbox"/>	Með beinum	<input checked="" type="checkbox"/>
	Roðlaust <input checked="" type="checkbox"/>	Með roði	<input type="checkbox"/>
Speðskorið <input type="checkbox"/>	Sæflok		<input type="checkbox"/>
Hauskorið <input type="checkbox"/>	með klambu <input type="checkbox"/>	án klambu	<input type="checkbox"/>

Veidferð: Frá 03.01.03 til 03.02.03

Númer mælingar	Dagsetning	Hausar	Djúkar speður	Roð	Súrting	Afarð	Athugasemdir
K-9	09.01	26,81	13,82	4,24	4,25	50,88	
K-11	10.01	32,11	13,11	4,25	2,03	48,50	
D-11	11.01	22,75	15,03	4,30	4,55	53,37	*
K-13	12.01	25,08	17,55	4,41	3,79	49,17	
K-14	13.01	25,15	16,88	3,77	2,10	52,10	
D-24	24.01	26,03	17,38	3,72	1,96	50,91	
Samtals							
Meðaltal							100%

Athugasemdir:

* BLÖDMAR í HOLDI

VINNSLU-
NÝTING

50,8%

Kvittun: Jón Jónsson



YFIRLITSBLAÐ

Skipstjóri skal svo skjótt, sem verður má eftir að veidum lýkur og eigi síðar en 4 klst. eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrsla um nýtingarmælingar í viðkomandi veiðiferð ásamt upplýsingum um fjölda vinnsludaga í veiðiferðinni.

Skip: _____

Veiðiferð: Frí. 03.01.03 til 03.02.03

Fisktegund:	GRÁLÓBA		
Nr. pakkningar:	6590 - 6593		
Flokk:	Beinlaust <input type="checkbox"/>	Með beinum <input type="checkbox"/>	
	Roðlaust <input type="checkbox"/>	Með roð <input type="checkbox"/>	
Sporðskorið <input checked="" type="checkbox"/>	Samflök <input type="checkbox"/>		
Hauskorið <input checked="" type="checkbox"/>	með klambu <input type="checkbox"/>	ín klambu <input checked="" type="checkbox"/>	

Númer mælingar	Dagsetning	Hausar	Díkkar sporður	Roð	Sneyting	Afud	Athugasemdir
D-18	18.01	21,32	2,71			75,97	
K-19	18.01	22,34	3,01			74,65	*
K-20	19.01	20,57	2,96			76,47	
D-19	19.01	20,99	2,64			76,37	
K-21	20.01	20,94	2,67			76,39	
D-20	20.01	20,79	2,59			76,62	
K-22	21.01	20,34	2,48			77,18	
Samtals		147,29	19,06			533,65	
Meðaltal		21,04	2,72			76,24	100%

Athugasemdir: * SKIPT UM HNIF Í HAUSARA

VINNSLU-
NÝTING

76,2%

Kvittun: Jón Jónsson

Meðhöndlun gagna.

3.1.

Almennt.

Niðurstöðurnar af **mæliblöðunum** skulu færðar inn á **yfirlitsblað**. Sérstakt yfirlitsblað skal notað fyrir hverja vinnsluaðferð. Í hverri veiðiferð er meðaltal vinnslunýtingar samkvæmt yfirlitsblaði fært inn á **samantektarblað**. Það meðaltal er stuðull í viðkomandi veiðiferð og með þeim stuðli er afli skipsins í viðkomandi afurð reiknaður til aflamarks. Rétt er þó að áréttta að sé afli sem nýttur var til framleiðslu tiltekinna afurðar innan 5 tonna marka *er afli reiknaður til aflamarks skv. auglýsingu um grunnstuðla sem gefin er út af sjávarútvegsráðuneytinu. Þó er heimilt þótt 5 tonna markinu sé ekki náð, að taka þrjár mælingar og nota meðaltal þeirra til að reikna afla skipsins til aflamarks.*

3.2.

Tilkynningar/Skýrslur.

Skipstjóri vinnsluskips skal strax, þegar veiðum er hætt, tilkynna Fiskistofu um **áætlað magn** hverrar **afurðar** eins nákvæmlega og unnt er ásamt löndunardegi og löndunarstað.

Enn fremur skal skipstjóri svo skjótt,

sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klst. eftir að komið er til hafnar, senda veiðieftirliti Fiskistofu skýrslu um nýtingarmælingar á **yfirlitsblöðum** í viðkomandi veiðiferð ásamt samantektarblaði. Einnig skal skipstjóri tilgreina á **samantektarblaði** upplýsingar um fjölda vinnsludaga í veiðiferðinni. Afritum af **mæliblöðum**, **yfirlitsblöðum** og **samantektarblaði** skal haldið til haga eins og um bókhaldsgögn sé að ræða.

Ef tilkynning eða skýrslur berast Fiskistofu ekki innan tilskilins frests er afli viðkomandi afurða reiknaður út frá grunnstuðli sem gefinn er út í auglýsingu af sjávarútvegsráðuneytinu.

Þá skal skipstjóri í lok hverrar veiðiferðar og áður en löndun hefst tilkynna viðkomandi löndunarhöfn skriflega, um áætlaðan fjölda eininga (t.d. kassa og/eða pakkninga) sem landað er af hverri afurð og þunga umbúða hverrar einingar. Í tilkynningunni skal einnig geta þess hvort einstakar afurðir, eru íshúðaðar sérstaklega.

Nálgast má **tilkynningu til löndunarhafnar** á netinu undir **<http://www.fiskistofa.is>**



YFIRLITSBLAÐ

Skipstjóri skal svo skjött, sem verður má eftir að veidum ljúkar og eigi síðar en 4 klst. eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um sýtingarmælingar í viðkomandi veiðiferð ásamt upplýsingum um fjölda vinnsludaga í veiðiferðinni.

Skip: _____

Fiskegæsd:	STEINBITUR		
Nr. pakkningar:	5542-5544		
Flök:	Beinlaust <input type="checkbox"/>	Með beinum <input type="checkbox"/>	
	Roðlaust <input type="checkbox"/>	Með roði <input type="checkbox"/>	
Sporbákonó <input type="checkbox"/>	Samflök <input type="checkbox"/>		
Hauskonó <input checked="" type="checkbox"/>	með klumbu <input type="checkbox"/>	án klumbu <input checked="" type="checkbox"/>	

Veiðiferð: Frá 03.01.03 til 03.02.03

Númer mælingar	Dag- setning	Hausar	Dálkar sporbúar	Roð	Snyrting	Afurð	Athugasemdir
K-4	05.01	32,42				67,58	
D-6	06.01	32,12				67,88	
K-7	07.01	32,60				67,40	
K-8	08.01	31,80				68,20	
Samtals		128,94				271,06	
Meðaltal		32,24				67,77	100%

Athugasemdir:

VINN-
SLU-
NÝTING

67,8%

Kvittun: Jón Jónsson



SAMANTEKTARBLAÐ

Skipstjóri skal svo skjótt, sem verða má eftir að veidum ljúkar og eigi tíðar en 4 klst. eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrsla um ætlingarmælingar í viðkomandi veiðiferð ásamt upplýsingum um fjölda vinnsludaga í veiðiferðinni.

Nafn skipa _____ Umsæmisnr. _____ Skipaskrárnr. _____

Hvenær er veidum hætt?

Löndunarhöfn

Hvenær hefst löndun?

Dags. 03.02.03 Kl. 16¹⁵

HORN

Dags. 05.02.03 Kl. 08⁰⁰

Tegundir vinnsluferð	Afurðir kg	Mælingar í þessari veiðiferð	Stagður afli eða óstaggður afli kg
Dorskur hausauður með klumba / án klumba			
Flök, m/mb			
" , r/mb	20.462	42,7	47.920
" , r/bl	23.673	38,7	61.171
Dorskur heilfrystur, undirmál			
Ýsa hausuð með klumba / án klumba			
Flök, m/mb	1.497	43	3.481
" , r/mb			
" , r/bl	11.700	39,9	29.323
Ýsa heilfryst, undirmál			
Ufsi hausauður með klumba / án klumba			
Flök, m/mb			
" , r/mb	24.816	50,8	48.850
" , r/bl			
Ufsi heilfrystur, undirmál	544	100	544
Djúpkarfi, skorinn með klumba / án klumba	462	54	856
Flök, m/mb			
" , r/mb	29.564	26,0	106.015
Gullkarfi skorinn með klumba / án klumba	29.736	56,1	53.005
Gullkarfi heil			
Flök, m/mb			
" , r/mb			
Grátúða hausuð			
Hausuð og sporðskorin	30.004	76,2	39.375
SÍÐ samflök	150.960	50,4	299.524
Flök, m/mb			
" , r/mb	6.120	43,2	14.167
Samtals	327.538		704.231

Farsími skipa 899-4456 Veiðiferð: Frá 03.01.03 til 03.02.03 Fjöldi vinnsludaga 30

Sími áþerðar 456-1234 Dagsmng 03.02.03 Undirskrift skipstjóra Jon Jonsson

3.3.

Upplýsingar um afla.

Frá 15. febrúar 2003 eru nýtingarstuðlar reiknaðir í samræmi við nýtingarmælingar í viðkomandi veiðiferð. Í hvert skipti sem upplýsingum um afla veiðiferðar er skilað til veiðieftirlits Fiskistofu, þarf því að koma fram hvaða stuðull var notaður til að reikna afla til aflamarks í veiðiferðinni. Sé aflinn innan við 5 tonn í viðkomandi afurð skal skráður grunnstuðull sem gefinn er út í auglýsingu, af sjávarútvegsráðuneytinu gilda, nema framkvæmdar hafi verið a. m. k. þrjár mælingar í afurðinni, þá má sá meðaltalsstuðull gilda. Aðeins þarf að skila til Fiskistofu **yfirlitsblöðum** og **samantektarblaði** frá skipunum.

4.

Opinbert eftirlit.

Eftirlit með framkvæmd nýtingarmælinga er fyrst og fremst fólgið í því að fylgst er með því að mælingarnar séu réttilega gerðar og úr þeim unnið á réttan hátt. Auk þess er unnt að fylgjast með hvort mælingarnar mæli raunverulega nýtingu um borð í skipi með því að bera saman nýtingarmælingar, nýtingarsýni og vinnslusýni úr afurðum viðkomandi veiðiferðar. Það er því mikilvægt að vinnubrögð við mælingar séu þau sömu og eru yfirleitt við vinnsluna til að engin hætta sé á að fram komi ósamræmi milli nýtingarmælinga og vinnslunnar almennt. Ef ekki er rétt staðið að framkvæmd nýtingarmælinga er afli viðkomandi afurða reiknaður út frá grunnstuðli samkvæmt **Auglýsingu um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð** sem gefin er út af sjávarútvegsráðuneytinu.

